



Alþingi
Erindi nr. P 141/92
komudagur 10.10.2012

Austurvegur 56 - 800 Selfoss

Sími 480 8220 – Myndsendir 480 8201 – Netfang hs@sudurland.is – Kennitala 480284-0549

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Selfoss, 9. október 2012
1204032HS SHJ

Efni: 87. mál - Umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum m.s.br.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur mótttekið tölvupóst dags. 8. október 2012, er varðar beiðni um umsögn eða viðbætur við fyrri umsög um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum m.s.br.

Heilbrigðiseftirlit Suðurland ítrekar hér með fyrri umsögn sína, en bætur við nokkrum atriðum sem birtast skáletruð í textanum hér fyrir neðan.

Almennt um frumvarpið:

Tilgangur þeirra breytinga, sem lagðar eru til í fyrirbyggjandi frumvarpi um breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum, er að koma í veg fyrir að framkvæmdir sem eru líklegar til að hafa umtalsverð áhrif á umhverfið falli „á milli“ í kerfinu vegna þess að þær falla utan viðmiðunarmarka eða þröskuldsgilda núverandi löggjafar. Þar af leiðandi eru þær hvorki tilkynningaskyldar til Skipulagsstofnunar né matsskyldar. Breytingarnar leiða af sér að fleiri framkvæmdir en áður verða tilkynningarskyldar til Skipulagsstofnunar og skal hver framkvæmd metin fyrir sig með tilliti til einkenna hennar, stærðar og staðsetningar, en ekki einungis stærðar og/eða staðsetningar eins og nú er. Með þessu á t.d. að koma í veg fyrir að framkvæmd sem er matskyld vegna staðsetningar sé sjálfkrafa ekki matskyld verði í hana ráðist á öðrum stað, jafnvel þótt áhrif framkvæmdarinnar á umhverfið séu sambærileg í báðum tilfellum.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands fagnar því framkomnu frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum m.s.br., þar sem stofnunin telur mjög mikilvægt að allar framkvæmdir sem ljóst er að geti haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif séu undir sama hatt settar hvað varðar tilkynningar- og/eða matsskyldu, óháð staðsetningu þeirra. Hinsvegar telur Heilbrigðiseftirlit Suðurlands að krafa um tilkynningaskyldu gangi of langt í sumum tilfellum, sbr. athugasemd III. hér fyrir neðan.

Eftirfarandi athugasemdir eru gerðar við frumvarpið:

Þau ákvæði frumvarpsins sem máli skipta fyrir heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga snúa fyrst og fremst að hlutverki þeirra og aðkomu að málum í þeim tilvikum sem Skipulagsstofnun óskar eftir umsögnum frá viðkomandi heilbrigðiseftirliti vegna tilkynningarskyldrar framkvæmdar innan starfssvæðis þess.



Skv. b. lið 4. gr. frumvarpsins (3. mgr.) er Skipulagsstofnun heimilt, en ekki skylt, að leita álits leyfisveitanda, framkvæmdaaðila og annarra, eftir eðli málsins hverju sinni þegar um er að ræða framkvæmdir sem falla í svokallaðan C-flokk í 1. viðauka við löginn. Skal Skipulagsstofnun taka ákvörðun um það hvort tilkynnt framkvæmd í flokki C sé háð mati samkvæmt lögunum eða ekki innan tveggja vikna frá því að fullnægjandi gögn um framkvæmdina berast. Leiti Skipulagsstofnun álits leyfisveitanda, framkvæmdaraðila eða annarra aðila um framkvæmdina, lengist frestur sá sem stofnunin hefur til að taka ákvörðun um matsskyldu um eina viku.

Þessi stutti frestur, sem er ætlaður til að hraða málsmeðferð hjá Skipulagsstofnun, tekur ekki tillit til þess álags sem samhliða er lagt á umsagnaraðila, *en þeir munu hafa mjög stuttan frest til að skila inn umsögnum fari svo að Skipulagsstofnun leiti álits þeirra*. Getur slík málsmeðferð leitt það af sér að umsagnaraðilar nái ekki að vinna umsagnir eins vel og nauðsynlegt er vegna tímaskorts, eða að þeir láti hjá líða að skila inn umsögnum standi þannig á, *og því munu þessir stuttu frestir líklega koma til með að koma niður á gæðum málsmeðferðarinnar*.

Eins gæti slík málsmeðferð orðið til þess að Skipulagsstofnun freistist til þess að leita ekki eftir umsögnum í þeim tilgangi að halda þá fresti sem henni eru settir, þar sem henni er ekki skylt að leita eftir þeim. Þannig gæti glatast mikilvægt tækifæri umsagnaraðila til að koma á framfæri upplýsingum sem mögulega gætu haft áhrif á mat stofnunarinnar á því hvort tiltekin framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum eður ei, *þar sem það er alfarið Skipulagsstofnunar að meta hvort hún óski eftir upplýsingum eða umsögnum frá utanaðkomandi aðilum. Slík málsmeðferð fer í raun gegn markmiðum laganna um mat á umhverfisáhrifum sem koma fram í c. lið 1. gr. um:*

„að stuðla að samvinnu þeirra aðila sem hafa hagsmuna að gæta eða láta sig málið varða vegna framkvæmda sem falla undir ákvæði laga þessarra.“

II.

Við gildistöku laganna er ljóst að sá fjöldi framkvæmda sem eru tilkynningaskyldar til Skipulagsstofnunar eykst verulega og þá að öllum líkindum eykst að sama skapi sá fjöldi framkvæmda sem heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna ætti að gefa umsagnir um sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Aukið álag og aukinn kostnaður mun fylgja þeirri vinnu og gerir Heilbrigðiseftirlit Suðurlands athugasemdir við að ekki er gert ráð fyrir þeim kostnaðarauka sem sveitarfélögin og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna geta orðið fyrir vegna þessa í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins um frumvarpið.

III.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands gerir einnig athugasemdir við það, að miðað við þá flokkun framkvæmda í flokk C sem frumvarpið gerir ráð fyrir, séu allar framkvæmdir sama eðlis sjálfkrafa tilkynningarskyldar, jafnvel bó ljóst sé frá upphafi að umhverfisáhrif þeirra séu hverfandi. Má þar nefna sem dæmi borun eftir vatni sem ætlað er til einkanota í einstök hús í dreifbýli, jarðvegsvinnu á bújörðum, minniháttar



skógrækt, litlar heimarafstöðvar, sem og smáfyrirtæki sem framleiða matvörur eða keramik.

Í dómi Evrópudómstólsins í máli c-72/95 segir að þau mörk eða þröskuldsgildi, sem kveðið er á um í tilskipuninni, séu sett til að auðvelda skoðun á einkennum framkvæmdar sem liggja til grundvallar ákvörðunar um hvort tiltekin framkvæmd eigi að falla undir mat á umhverfisáhrifum eða ekki, en ekki til að útiloka fyrirfram ákveðnar tegundir framkvæmda sem tilgreindar eru í viðauka II við tilskipunina. Í öðrum dómi (mál 435/1997) segir að hvaða aðferð sem aðildarríkin kjósi að styðjast við til ákvörðunar um matskyldu, hvort sem slíkt mat fari fram með lögbundnum viðmiðunum eða með því að skoða hvert tilvik fyrir sig, þá megi sú aðferð ekki grafa undan markmiðum tilskipunarinnar, sem séu að engin framkvæmd sem kunni að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í skilningi tilskipunarinnar verði undanþegin mati á umhverfisáhrifum nema að sú framkvæmd hafi á grunni viðfeðmar skoðunnar ekki verið talin hafa slík áhrif.

Í þessum dómum er hvergi gefið í skyn að afnema þurfi öll þröskuldsgildi þannig að allar samkynja framkvæmdir verði sjálfkrafa mats- eða tilkynningaskyldar, jafnvel þó ljóst sé frá upphafi að umhverfisáhrif þeirra séu hverfandi.

Að mati Heilbrigðiseftirlits Suðurlands er tilkynningaskyldan of vítt skilgreind í frumvarpi þessu, og bendir á að mat á umhverfisáhrifum framkvæmda fer fram víðar en undir ákvæðum laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, t.a.m. við skipulagsvinnu sveitarfélaga og í undirbúningsvinnu fyrir veitingu framkvæmda- og/eða byggingaleyfa hjá byggingar- og skipulagsfulltrúum sbr. skipulagslög nr. 123/2010, skipulagsreglugerð nr. 400/1998 og reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi, sem og í undirbúningsvinnu fyrir útgáfu starfsleyfa hjá heilbrigðiseftirlitum sveitarfélaga, sbr. lög nr. 7/1998 og reglugerðum settum á grundvelli þeirra. Á þetta sérstaklega við um þær framkvæmdir sem falla undir flokk C í 1. viðauka með frumvarpinu.

Telur Heilbrigðiseftirlit Suðurlands því ástæðu til að endurmeta þau þröskuldsgildi og viðmiðunarmörk sem liggja til grundvallar flokkun framkvæmda í C-flokk í 1. viðauka með frumvarpi þessu á þann hátt að umfangslitlar framkvæmdir með hverfandi umhverfisáhrif séu annað hvort undanþegnar tilkynningaskyldu eða að tilkynningaskyldan sé bundin við framkvæmdaleyfisskyldar framkvæmdir skv. ofangreindum lögum og reglugerðum og hún hvíli á þar til bærum embættum heima í héraði, ekki framkvæmdaraðilum, leiki vafi á því hvort tiltekin framkvæmd hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif eður ei í ljósi þeirra gagna sem þau afla við undirbúning útgáfu lögbundinna leyfa fyrir framkvæmdinni.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Stella Hrönn Jóhannsdóttir
eftirlitsmaður